

Ed.

455. Nefndarálit

[46. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um fasteignasölu, nr. 47 11. júní 1938.

Frá allsherjarnefnd.

Umsagnir hafa borist frá stjórn Lögmannafélags Íslands og Neytendasamtökunum um frumvarp þetta og eru þær jákvæðar. Allsherjarnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist þannig:

Ný grein, sem verður 14. gr. laganna, orðist svo:

Skylt er að geta þess í öllum skjölum varðandi fasteignakaup, svo sem kaup-tilboðum, kaupsamningum, skuldabréfum og afsölum, hver hafi samið skjöl þessi, og skal geta nafns og nafnnumers. Enn fremur skulu þeir, sem fasteignaviðskipti annast, geta nafns síns í auglýsingum, eins þótt viðskiptin séu rekin í nafni skrásetts firma.

Alþingi, 25. mars 1976.

Ingi Tryggvason, form.	Axel Jónsson, fundaskr.	Jón G. Sólves, frsm.
Halldór Ásgrímsson.	Oddur Ólafsson.	Geir Gunnarsson.
	Eggert G. Þorsteinsson.	